

*Stefnuskrá  
Framsóknar-  
flokksins  
í Borgarbyggð  
2010*



***Fimm meginverkefni Framsóknarmanna í næstu sveitarstjórn***



*Aukin markaðssetning – aukin atvinna.*

*Standa vörð um innra starf grunn- og leikskóla.*

*Vönduð ákvarðanataka – virkt fjárhagseftirlit.*

*Öflug félagsþjónusta á erfiðum tímum.*

*Fjölskylduvænt umhverfi.*

## Kæru íbúar Borgarbyggðar

Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar lagði Framsóknarflokkurinn áherslu á að byggja betra samfélag. Þær áherslur voru byggðar á ábyrgð og raunsæi en ekki innistæðulausum loforðum. Betra hefði verið að önnur framboð hefðu farið þá leið! Þá væri fjárhagsstaða Borgarbyggðar ekki jafn slæm og raun ber vitni. Höfum það í huga og vörumst fagurgala í kosningunum sem fram fara 29. maí.

Fulltrúar Framsóknarflokks í núverandi sveitarstjórn sátu í minnihluta í góðærinu framan af yfirstandandi kjörtímabili. Innkoma þeirra í þjóðstjórn allra flokka og síðar í meirihluta var lykillinn að því að tekið var á í rekstri sveitarfélagsins sem færst hefur til betri vegar.

Borgarbyggð er glæsilegt og fjölbreytt samfélag þar sem möguleikarnir eru margir. Um leið og við verðum að draga saman í rekstri er jafnfram ljóst að framlag hvers og eins til samfélagsins verður mikilvægara og því verðum við að vinna eftir þeirri hugsjón að gera betur í dag en í gær. Ef allir leggjast á eitt mun okkur takast að nýta þau tækifæri sem felast í okkar umhverfi og mannaúði.

Frambjóðendur Framsóknarflokksins hafa mikla reynslu af sveitarstjórnarmálum og félagsmálum almennt og eru albúnir til að nýta hana á næsta kjörtímabili, íbúum Borgarbyggðar til heilla. Hér leggja þeir fram stefnuskrá sem enn á ný er byggð á raunsæi og ábyrgð.

Vertu með og saman skulum við byggja betra samfélag!



# Stjórnsýsla og fjármál

---

- Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á skilvirka, öfluga og opna stjórnsýslu þar sem á hverjum tíma er tekist á við verkefni samfélagsins. Hreyfanleiki, samvinna og árangur verði einkennisorð sveitarfélagsins þar sem sameinast er um að ná hámark-sárangri.

- Samskipti við íbúa verði virk og upplýsingagjöf í gegnum heimasíðu og önnur rafræn form verði gerð enn virkari en áður. Þá verði tryggt að íbúar geti tekið þátt í umræðum um sveitarstjórnarmál á heimasíðu. Útvarpað verði frá fundum sveitarstjórnar og opnum fundum sem sveitarstjórn á aðild að, eftir því sem hægt er.

- Framsóknarflokkurinn vill skoða að sveitarstjórn fundi tvisvar í mánuði. Það krefst þess að fastanefndir sveitarfélagsins verði gerðar sjálfstæðari um sín mál. Þá er nauðsynlegt að tryggja tengsl nefnda inn í sveitarstjórn og skapa náið samráð milli nefnda og sveitarstjórnar.

- Samráðsfundir sveitarstjórnar, starfsmanna og fagnefnda verði haldnir tvisvar á ári þar sem farið verði yfir stefnumótun, fjármál og áherslur.

- Framsóknarmenn vilja jafna þátttöku karla og kvenna í nefndum og ráðum og hafa sýnt það í verki.

- Framsóknarmenn munu beita virkri fjármálastjórn við rekstur sveitarfélagsins. Fjárhagsáætlun verður vönduð sem kostur er og henni ekki breytt á gildistíma nema í undantekningatilvikum.

- Forstöðumenn verða gerðir ábyrgir fyrir sínum stofnunum og aðstoðaðir við að virða fjárhagsáætlanir.

- Framsóknarmenn telja að leggja verði á hámarksútsvar en vilja fara mjög varlega í að hækka aðra skattstofna s.s. fasteignaskatt. Þjónustugjöld munu ekki lækka nema þjónustan verði skert samhliða.

- Framsóknarmenn munu fara varlega í frekari uppbyggingu sem krefst lántöku enda brýnasta verkefni sveitarfélagsins í fjármálum að lækka skuldir.

- Framsóknarflokkurinn er tilbúinn að skoða sölu á eignarhlutum Borgarbyggðar í Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahöfnum og Lánasjóði sveitarfélaga ef það verður til að lækka skuldir sveitarfélagsins og auka lífsgæði íbúa.

## Skipulags og umhverfismál

---

- Framsóknarmenn telja skipulagsmál eitt brýnasta verkefni sveitarstjórnar. Framsóknarmenn vilja lifandi skipulag þar sem saman fara náttúra og mannvist með hugsuninni „nýtum land en níðum ei“.



- Framsóknarmenn hafa komið að vinnu við gerð aðalskipulags og eru sáttrir við þær meginlínur sem þar koma fram. Mikilvægt er að ljúka þeirri vinnu sem allra fyrst því aðalskipulag er forsenda fyrir sjálfbærri landnotkun og vegvísir allra málaflokka til framtíðar.

- Framsóknarmenn vilja að haldið verði áfram þeim framkvæmdum sem byrjað er á við stígagerð í sveitarfélaginu. Einnig er mikilvægt að hlúa betur að opnum svæðum og gera umhverfi okkar fjölskylduvænna.

- Framsóknarmenn vilja átak í umhverfismálum og markvissar aðgerðir við fegrun umhverfisins. Við viljum að byggð verði upp góð, aðlaðandi og aðgengileg aðstaða til útivistar, eftir því sem fjárráð leyfa. Þar skal huga sérstaklega að samvinnu við íbúa, fyrirtæki og ýmsa opinbera aðila.

- Framsóknarmenn fagna ýmsum áhugaverðum verkefnum sem snerta umhverfið eins og t.d. verkefnum um votlendissetur og búsvæðavernd fugla.

- Uppbygging fráveitu í sveitarfélaginu er stærsta umhverfisáttak sem hér hefur verið unnið lengi og ber að fagna því.

## Atvinnumál og samgöngur

---

- Undirstaða traustrar byggðar er öflugt atvinnulíf. Framsóknarmenn telja megin hlutverk sveitarfélagsins að sjá fyrir góðri stoðþjónustu við íbúa og atvinnulíf og tryggja um leið að hægt verði að taka á móti þeim sem hér vilja setjast að. Við munum beita okkur fyrir því að gera sveitarfélagið samkeppnishæft og eftirsóknarvert fyrir atvinnustarfsemi.

- Framsóknarflokkurinn telur nauðsynlegt að efla mjög markaðssetningu á sveitarfélaginu, ekki síst í þeim tilgangi að fá hingað fyrirtæki til að byggja upp atvinnu.

- Staðsetning sveitarfélagsins bíður upp á marga möguleika og það gæti hæglega orðið „þjónustumiðstöð“ fyrir Vestur- og Norðvesturland auk þess að vera spennandi kostur fyrir höfuðborgarbúa og alla þá sumarhúsaeigendur og ferðalanga sem dvelja og eiga leið í gegnum sveitarfélagið okkar.

- Landbúnaður er mikilvægur atvinnuvegur í sveitarfélaginu og tryggir dreifða búsetu. Mikilvægt er að þjónusta við þá byggð sé eins góð og kostur er.

- Ferðaþjónusta er vaxandi í sveitarfélaginu ekki síst vegna nálægðar við ósnortna náttúru, sögu og menningu. Framsóknarmenn munu vinna með aðilum í ferðaþjónustu að markaðssetningu svæðisins.



- Fjarskiptatækni er stór þáttur í samkeppnishæfni, atvinnu, menntun og öryggi. Framsóknarmenn munu standa vörð um hagsmuni sveitarfélagsins í fjarskiptamálum til að fyrirtæki, íbúar og ferðamenn hafi aðgengi að öruggri og framsækinni fjarskiptaþjónustu. Enn finnst í sveitarfélaginu svæði þar sem farsímasamband er slæmt og því verður að breyta.

- Framsóknarmenn styðja við uppbyggingu flugvallar að Stóra Kroppi og telja mikla möguleika fólga í að fá þangað kennslu – og einkaflug með tilheyrandi uppbyggingu. Þá hefur verið bent á þann möguleika að sá flugvöllur geti vel þjónað sem varaflugvöllur fyrir Reykjavík.

## Æskulýðs- og íþróttamál

- Framsóknarmenn munu áfram styðja við fjölbreytt íþróttastarf í Borgarbyggð, þannig að starfið hvetji til heilbrigðs lífernis og komi jafnt til móts við þá sem vilja stunda íþróttir ánægjunnar vegna og hinna sem leggja áherslu á metnaðarfulla þjálfun við góðar aðstæður.

- Lögð verði áhersla á að kynna það tómstunda- og menningarstarf sem er í boði í Borgarbyggð fyrir alla aldurshópa þannig að fólk sé meðvitað um það sem er í boði og geti tekið þátt með einum eða öðrum hætti, í uppbyggilegu og skemmtilegu félagsstarfi.

- Unnið verði markvisst að því að skoða möguleikann á því að koma upp varanlegu skíða-svæði innan marka sveitarfélagsins. Það verði unnið í nánú samráði við heima-fólk og nágrennasveitarfélög .

- Stuðlað verður áfram að góðu og öfluglu félagsmiðstöðvarstarfi í Borgarnesi, Hvanneyri og Bifröst fyrir börn og unglinga í sveitarfélaginu. Starfssemi Ungmennahús Mímis verði áfram stutt og horft til þess að samþætta og nýta enn frekar þá aðstöðu sem fyrir hendi er á þessum stöðum og það metnaðarfulla starf sem unnið er með öllu ungu fólki í Borgarbyggð.

- Ungmennaráð Borgarbyggðar fái verðug verkefni til úrlausnar. Í samstarfi við ungmennaráð skólanna og frjálsra félagasamtaka standi það fyrir ungmennapingi að hausti er móti stefnu í málaflokknum til næstu framtíðar.

- Stefnt verður að því að nýta íþróttamannvirki sveitarfélagsins eins og kostur er, hvort sem er til afnota fyrir íþróttafélög, menntastofnanir héraðsins eða útleigu til áhugasamra aðila.

- Áhersla verði lögð á mikilvægi vinnuskóla og að starfsvettvangur verði áfram í öllu sveitarfélaginu. Vinnuskólinn leggi áherslu á verðug verkefni og fræðslu.



# Menningarmál

---

- Framsóknarmenn vilja viðhalda öflugu og fjölbreyttu lista- og menningarlífi sem effir sjálfsmýnd héraðsins. Hlutverk sveitarfélagsins er að skapa sem bestar aðstæður til þess að svo megi verða, m.a. með menningarsjóði sem styður við bakið á einstaklingum og frjálsum félagasamtökum.

- Mörg tækifæri eru til staðar í uppbyggingu safna og sýninga í sveitarfélaginu, eins og Landnámssetur í Borgarnesi, Snorrastofa í Reykholti, Laxveiði- og sögusafnið í Ferjukoti og Landbúnaðarsafn Ísland á Hvanneyri. Þá er fagnað flutningi brúðulistaseturs í Borgarnes, sem brátt mun glæða lífi einar sögulegustu byggingar Borgarness.

- Framsóknarmenn munu standa vörð um starfsemi Safnahúss og þó erfiðir tímar séu framundan má ekki veikja stóðir þess þannig að ekki verði hægt að byggja upp að nýju.

- Félagsheimilin eru ómetanleg fyrir félagsstarf í sveitum og sál samfélagsins. Framsóknarmenn munu leita leiða til að efla starfsemi í húsunum og eru tilbúnir að skoða breytingar á rekstri einstakra húsa – séu þær líklegar til að ná settum markmiðum

- Mikilvægt er að efla starf Menningarhús Borgarbyggðar þannig að það standi undir nafni. Lögð verður áhersla á að móta þeirri starfssemi farveg þannig að íbúar fái notið þeirra gæða sem húsnaðið býður uppá.

# Fræðslumál

---

- Fræðslumál eru mjög mikilvægur þáttur í rekstri Borgarbyggðar. „Lengi býr að fyrstu gerð“ og því er nauðsynlegt að vinna vel í þessum málaflokki og nýta takmarkað fjármagn sem best fyrir heildina og sinna um leið einstaklingum með sérþarfir. Ný lög um grunn- og leikskóla hafa breytt reglum um stöðkerfi skólanna. Framsóknarmenn leggja áherslu á að virtur sé réttur allra þeirra sem þjónustunnar njóta.

- Framsóknarflokkurinn vill áframhaldandi gott samstarf við dagforeldra og áfram verði veitt framlag vegna þjónustu þeirra.

- Framsóknarflokkurinn vill að áfram verði tekin inn 18 mánaða gömul börn á leikskóla og þjónustustig leikskólanna verði varið.

- Framsóknarflokkurinn leggur höfuðáherslu á að vernda innra starf grunnskóla sveitarfélagsins þannig að aðhald og sparnaður bitni ekki á nemendum þeirra. Framsóknarflokkurinn væntir þess að sameining Varmalandsskóla og Grunnskóla Borgarfjarðar muni efla samkennd nemenda, kennara og íbúa svæðisins.

- Menntaskóli Borgarfjarðar er afar ánægjuleg viðbót í fræðslumálum Borgarbyggðar. Hann er vinnustaður 200 einstaklinga og mjög mikilvægur í að halda unglingunum okkar á heimabyggð. Skoða þarf hvernig má skipuleggja akstur úr dreifbýli og skoða heimavistarúrræði fyrir ungt fólk í sveitarfélaginu og nágretta sveitarfélögum.

- Framsóknarmenn minna á mikilvægi Háskólans á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og Snorrastofu í Reykholti. Framsóknarmenn heita góðu

samstarfi við þessar stofnanir og vilja virkja enn betur það starf sem þessar stofnanir eru að vinna til hagsmuna fyrir samfélag okkar.

- Framsóknarmenn telja Tónlistarskóla Borgarfjarðar mjög mikilvægan í skólastefnu Borgarbyggðar og munu eftir mætti vernda þá starfsemi sem þar fer fram.

## Félagsþjónusta

- Framsóknarmenn munu standa að uppbyggingu og breytingum Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi. Vönduð undirbúningsvinna liggur fyrir, sem gerir það að verkum að hefja má framkvæmdir um leið og skrifað hefur verið undir samning við félagsmálaráðuneytið.
- Framsóknarmenn fagna því er málefni fatlaðra koma til sveitarfélagsins um næstu áramót. Sá flutningur mun reyna á félagsþjónustuna en góður undirbúningur og aukið mannhald mun tryggja það að öll félagsþjónustan getur veitt góða og skilvirka þjónustu.
- Framsóknarmenn vilja áframhaldandi gott samstarf og þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu. Íbúar hafi góðan aðgang að heimaþjónustu þannig að þeir geti búið sem lengst í eigin húsnæði.
- Framsóknarmenn vilja viðræður við félög eldri borgara um ýmis þeirra hagsmunamál s.s. afþreyingu og félagsstarf og þá hvort rétt sé að auka ábyrgð þeirra í umsjón og skipulagi hennar.

- Framsóknarmenn vilja nýta aukið samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi vegna málefna fatlaðra, til að ræða ýmis önnur mál félagsþjónustunnar þannig að þjónustan verði sem best allsstaðar í landshlutanum.

- Framsóknarmenn leggja áherslu á að efla vægi forvarna. Mikilvægt er að skilgreina vel forvarnarstarf og áætlanir þar um verði unnar í samvinnu við Lýðheilsustöð.

## Öryggismál

- Framsóknarmenn fagna auknu samstarfi slökkviliða á Vesturlandi. Sífellt þarf að leita leiða til að samnýta dýran tækjabúnað.
- Framsóknarmenn vilja meiri samræmingu í málefnum almannavarna í öllum landshlutum og að þær séu vakandi fyrir hættum á hverjum stað. Jöklaferðir, sinubrunar og stóraukin umferð gera það m.a. að verkum að almannavarnir þurfa að geta brugðist hratt við sé ástæða til. Samþætta þarf og endurskipuleggja starfsemi slökkviliða og fara yfir málefni almannavarna.
- Framsóknarmenn vilja átak til að bæta úr öryggismálum við þéttbýlisstaði og þar sem fjölfarnir vegir þvera byggð. Við munum þrýsta á úrlausn þessara mála hjá Vegagerð
- Framsóknarmenn vilja styðja við starfsemi björgunarsveita enda eru þær mjög mikilvægar í öryggismálum sveitarfélagsins.





## Framboðslistinn 2010



**Sigríður Guðbjörg  
Bjarnadóttir**  
1. sæti

**Nafn:** Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir, 37 ára, sími: 8923468.

**Heimili:** Borgarnes.

**Atvinna:** Starfsmaður á uppgjör- og bókhalds-sviði KPMG í Reykjavík. Formaður Badminton-sambands Íslands (BSÍ).

**Fjölskylduhagir:** Maki Jón Kr. Kristjánsson verkamaður og eiga þau tvö börn, Bjarna Guðmann og Ingibjörgu Rósu. Fædd og uppalin í Borgarnesi. Bjó á höfuð-borgarsvæðinu í 12 ár en flutti aftur í Borgarnesi 2001. Hóf störf hjá KPMG árið 2008 en starfaði áður á skrifstofu Háskólans á Bifröst eða frá 2005-2008. Hefur stundað viðskiptafræði við Háskóla Íslands og Háskólann á Bifröst en ekki lokið prófi. Hefur verið formaður BSÍ frá 2005. Sigríður hefur alla tíð tekið virkan þátt í félagsstörfum og íþróttum. Hún var varamaður í sveitarstjórn á síðasta kjörtímabili og sat í nokkrum nefndum á vegum sveitarfélagsins.  
**Mottó:** Vera með og lifa lífinu lifandi!



**Finnbogi Leifsson**  
2. sæti

**Nafn:** Finnbogi Leifsson, 55 ára, sími: 4371715 / 8621715.

**Heimili:** Hítardalur

**Atvinna:** Sauðfjárbóndi og sveitarstjórnarmaður

**Fjölskylduhagir:** Maki Erla Dögg Ármannsdóttir og þau eiga þrjú börn, Leif, Tinnu Kristínu og Huldu Rún.

Ólst upp í Hítardal og hefur rekið þar búskap alla tíð. Hefur setið í sveitarstjórn í Borgarbyggð frá 1994, áður sveitarstjórnarmaður og oddviti í Hraunhreppi.

**Mottó:** Þráir er betri en eftirgjöf!



**FRAMSÓKNARFLOKKURINN**



**Sveinbjörn  
Eyjólfsson**  
3. sæti

**Nafn:** Sveinbjörn Eyjólfsson, 50 ára, sími: 8621270, sveinbjorne.blog.is

**Heimili:** Hvannatún, Hvanneyri.

**Atvinna:** Forstöðumaður Nautastöðvar Bí og formaður byggðaráðs Borgarbyggðar.

**Fjölskylduhagir:** Maki Inga Vildís Bjarnadóttir háskólanemi, við eignum fjórar dætur og þrjár dótturdætur.

Fæddur í Hafnarfirði, flutti í Borgarfjörðinn 1996 og er búfræðikandidat frá Hvanneyri.

Sveinbjörn hefur unnið sem ráðunautur hjá búnaðarsambandi Kjalarnesþings, skrifstofumaður í landbúnaðarráðuneytinu, skólastjóri á Hólum, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra og forstöðumaður Nautastöðvar Bí á Hesti.

**Mottó:** Koma svo!



**Jenný Lind Egilsdóttir**  
4. sæti

**Nafn:** Jenný Lind Egilsdóttir, 51 árs, sími: 8461805.

**Heimili:** Borgarnes.

**Atvinna:** Snyrtifræðingur og sveitastjórnafulltrúi og hálfur færeyingur.

**Fjölskylduhagir:** Maki Gunnar Ringsted tónlistarkennari og eiga þau tvö börn, Guðríði Ringsted og Jóhann Lind, og tvö barnabörn. Er sjálfstætt starfandi með eigin rekstur, auk þess hefur hún unnið við aðhlynningu aldraða og fatlaðra. Jenný hefur mestan hluta ævi sinnar búið í Borgarnesi að undanskildum námsárum í Danmörk.

**Mottó:** Lifa lífinu lifandi.



**Kolbeinn Magnússon**  
5. sæti

**Nafn:** Kolbeinn Magnússon, 52 ára, sími: 8207649.

**Heimili:** Stóri-Ás, Hálsasveit.

**Atvinna:** Er bóndi og húsasmíðameistari

**Fjölskylduhagir:** Er giftur Láru Kristínu Gísladóttur og eignum við þrjú börn.

Kolbeinn er fæddur og uppalinn í Stóra-Ási og starfar þar við búskap og smíðar.

**Motto:** Betri í dag en í gær.



**Ásdís Helga  
Bjarnadóttir**  
6. sæti

**Nafn:** Ásdís Helga Bjarnadóttir, 41 ára, sími: 8996172.

**Heimili:** Túngata 19a, Hvanneyri


**Atvinna:** Lektor og verkefnastjóri Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands.

Form. Tómstunda- og menninganefndar Borgarbyggðar. Í undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmóts UMFÍ í Borgarnesi 2010.

**Fjölskylduhagir:** Ein-stök, með soninn Guðmund Snorra Sigfússon, 19 ára.

Fædd og uppalin á Hvanneyri, með Cand Agric (MSc) próf í búvísinda- og garðyrkjufræðum frá Landbúnaðarháskólanum á Ási í Noregi.

**Mottó:** Það fer aldrei verr en illa.



**Heiðar Lind Hansson**  
**7. sæti**

**Nafn:** Heiðar Lind Hansson, 23 ára, sími: 6620191.

**Heimili:** Borgarnes.

**Atvinna/Staða:** Meistaraneimi í sagnfræði við Háskóla Íslands.

**Fjölskylduhagir:** Einhleypur.

Fæddur og uppalinn í Borgarnesi.



**Kristín Erla**  
**Guðmundsdóttir**  
**8. sæti**

**Nafn:** Kristín Erla Guðmundsdóttir, 42 ára, sími: 8611047.

**Heimili:** Borgarnes.

**Atvinna:** Heimavinnandi.

**Fjölskylduhagir:** Maki Rúnar Karl Jónsson rafvirkji. Börn, Svanberg Már vélvirki, Erla Rún menntaskólanemi við MB og Kristinn Freyr grunnskólanemi.

Fædd og uppalin í Dölunum og flutti í Borgarnes 1992. Kristín Erla hefur starfað við hin ýmsu störf, umönnunnarstörf, afgreiðslu, fiskvinnslu o.fl. Hún hefur tekið virkan þátt í félagsstarfi og starfað í ýmsum stjórnnum og nefndum og er nú gjaldkeri Freyjukórsins.

**Mottó:** Brostu framan í lífið, þá mun lífið brosa við þér.



**Skúli Guðmundsson**  
**9. sæti**

**Nafn:** Skúli Guðmundsson, 20 ára, sími: 8669246.

**Heimili:** Borgarnes.

**Atvinna/staða:** Menntaskólanemi.

**Fjölskylduhagir:** Einhleypur.

Uppalinn í Borgarnesi. Stefmir á að klára stúdentspróf á félagsfræðabraut núna í vor og hugar að meira námi.

**Mottó:** Þetta getur ekki verið rétt !



**Ólafur Sigvaldason**  
**11. sæti**

**Nafn:** Ólafur Sigvaldason, 43 ára, sími: 4356760 / 6619860 .

**Heimili:** Brúarhraun.

**Atvinna:** Rekstur verktakafyrirtækis, skólaakstur og lítilsháttar sauðfjárbúskapur.

**Fjölskylduhagir:** Maki Ásta Hjaltadóttir og eigum við eitt barn, Sigvalda.

Hef búið alla tíð í Kolbeinsstaðahrepp við búskap ofl. Fyrirverandi sveitarstjórnamaður og oddviti í Kolbeinsstaðahrepp.



**Halla Magnúsdóttir**  
**10. sæti**

**Nafn:** Halla Magnúsdóttir, 45 ára, sími: 4371876.

**Heimili:** Borgarnes.

**Atvinna:** Forstöðumaður þjónustusviðs á Dvalarheimilinu í Borgarnesi.

**Fjölskylduhagir:** Maki Hreiðar Gunnarsson rafiðnfræðingur og eigum við 3 börn á aldrinum 14 -25 ára.

Fædd og uppalin í Stóra-Ási, sjúkraliði frá fjölbrautaskólanum í Breiðholti.



**Sigurgeir Sindri**  
**Sigurgeirsson**  
**12. sæti**

**Nafn:** Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, 36 ára, sími: 8979310

**Heimili:** Bakkakot, Stafholtstungum.

**Atvinna:** Bóndi, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda og varapingmaður Framsóknarflokks í NV-kjördæmi.

**Fjölskylduhagir:** Maki Kristín Kristjánsdóttir bóndi og skólaritari og eiga þau tvö börn, Lilju Rannveigu og Kristján Franklín.

Fæddur í Reykjavík, bóndi í Bakkakoti frá 1997. Búfræðingur frá Hvanneyri og stundar nám í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst þegar tími gefst til.

**Mottó:** Samvinnan er sterkasta vopnið!



**Hjalti Rósinkrans  
Benediktsson**  
**13. sæti**

**Nafn:** Hjalti Rósinkrans Benediktsson, 36 ára, sími: 8991989.

**Heimili:** Borgarnes.

**Atvinna:** Umsjónarmaður námskjás við Háskólann á Bifröst.

**Fjölskylduhagir:** Í sambúð með Halldóru Ágústu Pálsdóttur og eiga þau tvö börn, Kristján Pál og Ölöfu Ösp. Auk þess á Hjalti tvær dætur úr fyrra hjónabandi, þær Bergdísí Elsu og Heiðdísí Hlíf.

Fæddur og uppalinn í Reykjavík. Flutti í Norðurárdalinn á Bifröst 2002 og hóf nám við Viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst. Eftir nám hefur hann búið í Borgarnesi.

**Mottó:** það er best að gleypa ekki sólina.



**Sveinn Hallgrímsson**  
**14. sæti**

**Nafn:** Sveinn Hallgrímsson, 74 ára, sími: 4370041.

**Heimili:** Vatnshamar.

**Atvinna:** Bóndi og eftirlaunaþegi.

**Fjölskylduhagir:** Maki Gerður Karitas Guðna-dóttir og eiga þau tvö börn og þrjú barnabörn.

Fæddur að Hálsi í Eyrarsveit 1936. Búfræði-kandidat frá Hvanneyri 1959. Vann sem aðstoðarmaður á Atvinnudeild Háskólans, hjá Búnaðarfélagi Íslands og Bændaskólanum á Hvanneyri 1959-1962. Lauk doktorsprófi í erfða og kynbótafræði við Norska Land-búnaðarháskólann 1966. Var vísindalegur aðstoðarmaður við sömu stofnum frá 1963-66. Starfaði sem ráðunautur í sauðfjárkynbótum hjá Búnaðarfélagi Íslands 1966-77 og 1979-1984. Stjórnaði ullar og skinnaverkefni hjá Útflutningsmiðstöð iðnaðarins frá 1977-79. 1984-1992 skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri, 1992-2006 lektor við Búvísindadeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.





**Gíslína Jensdóttir**  
**15. sæti**

**Nafn:** Gíslína Jensdóttir, 47 ára, sími: 8943570.

**Heimili:** Hellubær.

**Atvinna:** Bókavörður í Snorrastofu í Reykholti.

**Fjölskylduhagir:** Í sambúð með Sigurði Einarsyni og eiga þau fjögur börn og tvö barnabörn.

Fædd í Reykjavík, ólst upp á Hellubæ og er bókasafns- og upplýsingafræðingur frá HÍ.

**Mottó:** Vinnum saman!



**Guðmundur Eypórsson**  
**16. sæti**

**Nafn:** Guðmundur Eypórsson, 58 ára , sími: 4341227 / 8699866.

**Heimili:** Borgarnes.

**Atvinna:** Kennari við Menntaskóla Borgarfjarðar.

**Fjölskylduhagir:** Maki Ingibjörg Vigfúsdóttir og eiga þau þrjú börn og tvö barnabörn.

Fæddur og uppalinn í Borgarnesi, lærði kjötiðnað hjá Kaupfélagi Borgfirðinga.

Rekstrarfræði við Samvinnuháskólann á Bifröst og kennsluréttindi við Háskólann á Akureyri.

Starfaði lengi sem kjötiðnaðarmeistari í Búðardal en seinustu tólf ár við kennslu.



**Dagný Sigurðardóttir**  
**17. sæti**

**Nafn:** Dagný Sigurðardóttir, 50 ára, sími: 8628925.

**Heimili:** Innri-Skeljabrekka.

**Atvinna:** Gjaldkeri Landbúnaðarháskóla Íslands Hvanneyri.

**Fjölskylduhagir:** Maki Þorvaldur Jónsson og eiga þau 3 syni og 6 barnabörn .

Fædd í Stykkishólmi og ólst þar upp. Hef búið í Borgarfirði síðan 1976. Búfræðingur frá Hvanneyri 1977. Skrifstofutæknir frá Tölvuskóla Íslands 2000. Hef unnið við margvísleg störf í gegnum tíðina, bóndi , starfað við umönnun aldraðra , á rannsóknasofu, í mótuneyti og við ræstingar svo eitthvað sé nefnt.



**Sigrún Ólafsdóttir**  
**18. sæti**

**Nafn:** Sigrún Ólafsdóttir, 45 ára, sími: 8628422.

**Heimili:** Hallkelsstaðahlíð.

**Atvinna:** Bóndi og formaður Félags tamningamanna.

**Fjölskylduhagir:** Maki Skúli L Skúlason og eiga þau einn son Guðmund Margeir. Hef tekið virkan þátt í félagsmálum bæði sveitarstjórnarmálum og félagsmálum hestamanna.





**Kosningaskrifstofa Framsóknarflokksins Brákarbraut 1 er opin  
virka daga frá kl. 16:00 – 18:00 og 20:00 – 22:00  
og um helgar á milli kl. 14:00 og 18:00.**

**Allir velkomnir og alltaf heitt á könnunni!**

*Byggjum betra samfélag*



**FRAMSOÐNARFLOKKURINN**